

Fundargerð 71. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 05. nóvember 2012, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússon,  
Inga Sólnes,  
Sigrún Árnadóttir,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*  
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Háskólavellir – veðheimildir*  
Fyrir liggur beiðni Háskólavalla ehf. um samþykki stjórnar ÞK fyrir lántöku hjá Íbúðalánasjóði er ráðstafað verði til að greiða nauðsynlegar rafmagnsframkvæmdir vegna 321 íbúðar í lögmætt form sbr. bréf frá Háskólavöllum ehf. dagsett þann 25.október sl.  
Stjórn samþykkti að verða við beiðni Háskólavalla ehf. og veita umbeðið veðleyfi gegn því að fjármagnið renni óskert í fyrirnefndar framkvæmdir.
3. *Tilboð í eignir að Breiðbraut #672*  
Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð sem borist hefur í 7 íbúðaeignir félagsins að Breiðbraut #672.  
Stjórn hafnaði þessu tilboði. Framkvæmdastjóra var falið að svara tilboðsgjafa.
4. *Samningur við Orkurannsóknir ehf.*  
Framkvæmdastjóri fór yfir þær ráðstafanir sem ÞK hefur lagt í varðandi mengunarmál á svæðinu. Fylgja þarf eftir þeim rannsóknnum sem gerðar hafa verið og er samningur við Orkurannsóknir ehf. hluti af þeim ráðstöfunum.  
Stjórn samþykkti samninginn.
5. *Önnur mál*  
Ekkert var rætt undir önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

